

## Um Carmen Quintana Cocolina

Carmen Quintana Cocolina fæddist í Santander á norðurströnd Spánar árið 1986. Hún stundaði nám í fjölmiðlafræði við Complutense-háskólann í Madríd og lauk MA-Erasmus Mundus prófi í sömu grein frá Árósháskóla, háskólanum Pontificia Universidad Católica í Santiago de Chile og háskólanum í Amsterdam árið 2012. Frá árinu 2015 hefur hún kennt skapandi skrif hjá Ritsmiðju Madrídar og hefur að auki verið í nánú samstarfi við Evrópusamtökin um skapandi skrif (EACWP). Um þessar mundir er hún dálkahöfundur hjá dagblaðinu *El Diario* í Cantabria á Norður-Spáni.

Carmen Quintana tilheyrir hópi unghöfunda á Spáni sem komu fram á fyrstu áratugum 21. aldar. Carmen hefur sent frá sér ljóð, smásögur og eina skáldsögu. Hún hefur verið tilnefnd til verðlauna fyrir ljóð sín en þau hafa birst í ýmsum ljóðasöfnum á síðustu árum.<sup>3</sup> Fyrir smásagnasafnið *Lugares* (Staðir)<sup>4</sup> hlaut hún Premio José Hierro de Relato-verðlaunin árið 2016. Í safninu eru fjórar stuttar sögur sem hér birtast í íslenskri þýðingu: „Herbergið“, „Strætisvagninn“, „Skrifstofan“ og „Ísbúðin“. Í sögunum dregur höfundur upp mynd af hversdagslegum veruleika persónanna: lítillar stúlku, farþega í strætisvagni, skrifstofustúlku og ráðstefnugesti. Lýsingar eru látlausar og í anda raunsæis en ekki er allt sem sýnist.

---

3 Carmen Quintana Cocolina, „Quiéreme Bien si a Quererme Vienes“, *Tiempos Pasados*, Madrid: Editorial ArtGerust, 2016; „Amor“, *Homenaje a Gustavo Adolfo Bécquer*, Madrid: Editorial ArtGerust, 2015; „A una Vid Riojana“, *150 poemas homenaje a Antonio Machado*, Madrid: Editorial ArtGerust, 2014; „Poema 21“, *150 poesías homenaje a Pablo Neruda*, Madrid: Editorial ArtGerust, 2014.

4 Carmen Quintana Cocolina, *Lugares*, Santander: El Desvelo, 2016.

Í árslok 2017 kom út fyrsta skáldsaga höfundar, *Felicidad*.<sup>5</sup> Þar segir frá fjölskyldu sem bjó í Santander á árunum eftir borgarastyrjöldina á Spáni, lífsbaráttu þeirra, gleði og sorgum. Carmen Quintana býr í Reykjavík.

---

5 Carmen Quintana Cocolina, *Felicidad*, Santander: El Desvelo, 2017.